

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarskrifstofu Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 6. desember 2024

Efni: Skil starfshóps um staðarval endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg

Á 509. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 4. desember sl. var lögð fram greinargerð starfshóps um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hópsins væri að greina valkosti til að koma til móts við þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Garðabæ og Kópavogi, fyrir aðgengi að endurvinnslustöð frá þeim tímapunkti sem endurvinnslustöðin við Dalveg lokar. Hópnum væri ætlað að:

1. Fara yfir núverandi stöðu, draga saman mikilvægar upplýsingar um hlutverk Dalvegs og veitta þjónustu.
2. Greina þörf fyrir stærð og hlutverk nýrrar endurvinnslustöðvar.
3. Afla upplýsinga um mögulegar staðsetningar í sveitarfélagunum tveimur og útfæra tillögur þess efnis.


Bryndís Skúladóttir kynnti niðurstöðu starfshópsins og stjórn SORPU bókaði eftirfarandi:

„Stjórn þakkar starfshópi fyrir vel unnin störf og vísar greinargerðinni til umfjöllunar í viðeigandi sveitarfélögum.“

Í samræmi við ofangreint óskum við þess að meðfylgjandi greinargerð verði tekin til umfjöllunar og ákvörðunar hjá sveitarfélaginu.

Er þess óskað að sveitarfélagið upplýsi stjórn Sorpu bs. um afgreiðslu málsins eins fljótt og auðið er. Næsti stjórnarfundur er áætlaður aðra vikuna í janúar 2025. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið jon.gunnarsson@sorpa.is.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Greinargerð starfshóps um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg.